

---

HÖSKULDUR PRÁINSSON, IRIS EDDA NOWENSTEIN  
OG SIGRÍÐUR MAGNÚSDÓTTIR

# Hvað gerist þegar ein *darga* fjölgar sér í Vesturheimi?

Um fleirtölu nafnorða í vesturíslensku

## ÚTDRÁTTUR

Í þessari grein er sagt frá rannsókn á því hvaða tók vesturíslenskir málnotendur hafa á fleirtölumyndun íslenskra nafnorða. Til að kanna þetta var notað sérstakt fleirtölupróf sem var sniðið eftir svokölluðu *wug*-prófi sem bandaríski sálmálfræðingurinn Jean Berko hannaði á sínum tíma. Meginniðurstaðan úr þessari rannsókn er sú að þótt vesturíslensku þátttakendurnir kynnu fleirtölumyndir þekktra íslenskra nafnorða nokkuð vel áttu þeir margir í miklum erfiðleikum með að mynda fleirtölu af tilbúnum orðum (bullorðum) þótt hún ætti að vera alveg regluleg. Með samanburði við niðurstöður úr samsvarandi prófi, sem hafði áður verið lagt fyrir fjögurra og sex ára börn á Íslandi, má sjá að vesturíslensku þátttakendurnir höfðu álíka takmörkuð tók á því og íslensk fjögurra ára börn að beita almennum reglum um fleirtölumyndun á óþekkt nafnorð. Frammistaða Vestur-Íslendinganna á fleirtöluprófinu sýndi litla fylgni við notkun þeirra

á íslensku á fullorðinsárum en nokkra fylgni við ákveðinn breytileika í uppvexti þeirra (fyrirferð ensku á heimilinu á máltökuskeiði, lestrarkunn- áttu á íslensku áður en þeir fóru í (enskumælandi) skóla ...). Af þessu er dregin sú ályktun að takmarkað vald vesturíslensku þátttakendanna á fleirtölumyndun nafnorða stafi ekki af málhörmun (e. *language attrition*) heldur fremur af ófullkominni máltöku (e. *incomplete acquisition*) þótt síðarnefnda hugtakið hafi verið nokkuð umdeilt í svonefndum erfðar- málsfræðum á síðustu árum.

*Efnisorð*: vesturíslenska, erfðarmál, ófullkomin máltaka, fleirtölumyndun

## INNGANGUR

Á síðari hluta 20. aldar fóru málfræðingar að fá aukinn áhuga á eðli málkunnáttunnar og hófu í því sambandi að velta fyrir sér spurningum á borð við þessar:<sup>1</sup>

- \* Hvað felst í því að kunna tungumál?
- \* Hvernig verður málkunnáttan til?
- \* Hvernig getur málkunnáttan breyst?
- \* Hvernig getum við nýtt okkur þekkingu á eðli málkunn- áttunnar til að átta okkur á málnotkun, málbreytingum o.s.frv.?



Þótt þessar spurningar hafi öðlast aukið vægi með þeim strau- hvörfum í málvísindum sem oftast eru rakin til bandaríska mál- fræðingsins Noams Chomsky og tengjast að einhverju leyti svo- kallaðri hugfræðibyltingu í sálfræði (sjá t.d. Jörgen L. Pind, 2013;

---

<sup>1</sup> Við þökkum yfirlesurum og ritstjórum góðar athugasemdir við fyrri gerð þessarar greinar.

Höskuld Þráinsson, 2013) má segja að þær hafi þó ekki orðið mjög áberandi í verkum hans fyrir en eftir að bók hans *Aspects of the Theory of Syntax* kom út (1965). Sjö árum fyrir birtist hins vegar tíma-  
mótageinin „The child’s learning of English morphology“ eftir bandaríska sálfræðinginn Jean Berko (1958).<sup>2</sup> Tilgátu Berko má orða svo á einfaldaðan hátt:

Börn á máltökuskeiði læra ekki bara beygingar þeirra orða sem þau heyra í kringum sig heldur tileinka þau sér ómeðvitað þær reglur sem gilda um beygingar í viðkomandi máli og beita þeim á ný orð eða orð sem þau eru að heyra (sjá) í fyrsta skipti. Sama á við um regluleg fyrirbæri í orðmyndun.

Þetta þykir auðvitað ekki róttæk tilgáta nú á tímum, þótt enn sé mikið deilt um eðli reglna sem börn tileinka sér (sjá t.d. Yang, 2018; Ambridge, 2020), en fyrir rúmum 60 árum var ekki algengt að málfræðingar hugsuðu á þennan hátt. Berko prófaði tilgátu sína með því að gera tilraun á börnum. Prófið sem hún notaði í tilrauninni gengur yfirleitt undir nafninu *wug*-prófið (e. *the wug-test*) og frá því segir í næsta kafla.

Meginefni þessarar greinar er frásögn af tilraun sem var gerð til að kanna ákveðinn þátt í málkunnáttu Vestur-Íslendinga. Þetta var gert með því að nota íslenskaða útgáfu af *wug*-prófinu til þess að skoða hvað Vestur-Íslendingar „kunna fyrir sér“ í fleirtölumyndun nafnorða. Segja má að sú rannsókn hafi þrenns konar markmið. Í fyrsta lagi er hún liður í því að lýsa einkennum vesturíslensku eins og hún er töluð við upphaf 21. aldar. Í öðru lagi er markmiðið að nota þekktar hugmyndir um erfðarmál (sjá t.d. Benmamoun, Montrul og

---

2 Hún hét bara Jean Berko þegar greinin kom út og hér verður vísað til hennar undir því nafni. Hún er þó þekktari undir nafninu Jean Berko Gleason.

Polinsky, 2013; Polinsky, 2018) til að skýra niðurstöðurnar. Í þriðja lagi ættu niðurstöðurnar að varpa ljósi á eðli svokallaðra erfðarmála (e. *heritage languages*) almennt og hvað felst í því að kunna þau og tileinka sér þau, enda vitum við ekki til þess að sams konar tilraun hafi verið gerð í rannsóknum á öðrum erfðarmálum.


Áður en sagt er frá sjálfri fleirtölurannsókninni í Vesturheimi er nauðsynlegt að skýra bakgrunn hennar. Skipulag greinarinnar er því á þessa leið: Fyrst er sagt stuttlega frá prófinu sem Berko hannaði og meginniðurstöðum hennar. Þá eru rifuð upp helstu einkenni fleirtölumyndunar íslenskra nafnorða og síðan greint frá íslensku fleirtöluprófi sem var gert með hliðsjón af prófinu hjá Berko. Síðan kemur lýsing á því hvað þetta próf hefur sagt um vald íslenskra barna á fleirtölumyndun við fjögurra og sex ára aldur og þær niðurstöður eru um leið bornar saman við frammistöðu fullorðinna Íslendinga á sams konar prófi. Í framhaldi af því er svo sýnt hvernig vesturíslenskir málnotendur brugðust við prófinu. Þar sem prófið reyndist þeim erfiðara viðfangs en fullorðnum málnotendum á Íslandi var kannað sérstaklega hvort tiltölulega hár aldur vesturíslensku þátttakendanna gæti skipt máli (meðalaldur þeirra var 72 ár). Það var gert með með því að leggja prófið fyrir jafnaldra þeirra á Íslandi (eða reyndar heldur eldra fólk), enda hafa rannsóknir sýnt að eðlileg öldrun getur haft áhrif á frammistöðu í mállegum verkefnum (Burke og Shafto, 2004, 2011). Aldurinn virtist ekki hafa teljandi áhrif. Í lokin er frammistaða Vestur-Íslendinganna tengd við ýmsar breytur í uppvexti þeirra og æviferli, svo sem notkun íslensku og ensku á heimilinu á uppvaxtarárum, notkun íslensku á fullorðinsárum o.s.frv. Meginniðurstaðan er sú að takmarkað vald vesturíslensku þátttakendanna á fleirtölumyndun stafi fremur af ófullkominni máltöku að því er íslenskuna varðar (e. *incomplete acquisition*) en svonefndri málhrömun (e. *language attrition*).

## PRÓF BERKO OG HELSTU NIÐURSTÖÐUR HENNAR

Prófið sem Berko hannaði var lagt fyrir 19 forskólabörn (4–5 ára gömul), 61 barn í fyrsta bekk barnaskóla (fimm og hálf til 6 ára) og 12 fullorðna þátttakendur til samanburðar, en rannsóknin fór fram í Cambridge í Massachusettsríki. Í prófinu kannaði hún tók barnanna á nokkrum atriðum í enskum beygingum og orðmyndun, en sá þáttur prófsins sem laut að fleirtölumyndun enskra nafnorða er þekktastur. Regluleg fleirtala nafnorða í ensku er mjög einföld, eins og kunnugt er. Fleirtölumyndanið er aðeins eitt (það má tákna með #-s#), en það hefur þrjú myndbrigði (e. *allomorph*) sem eru hljóðfræðilega skilyrt. Berko lýsti þessu með eftirtöldum dæmum (1958, bls. 151, framsetningunni er hér breytt örlítið og einu dæmi skipt út):

- [-əz] ef stofninn endar á s-hljóði (e. *sibilant*), sbr. *glass* – *glasses*, *watch* – *watches*
- [-s] ef stofninn endar á öðru órödduðu hljóði, sbr. *hop* – *hops*, *hit* – *hits*
- [-z] ef stofninn endar á rödduðu hljóði, sérhljóð þar með talin, sbr. *bid* – *bids*, *zoo* – *zoos*


Til að sýna fram á að börn sem alast upp í ensku málumhverfi lærðu ekki bara fleirtölu þekkra nafnorða eins og *glass*, *watch*, *hop*, *hit*, *bid* og *zoo* heldur tileinkuðu sér þær almennu reglur sem gilda um fleirtölu enskra nafnorða og lýst er hér ofar notaði Berko tilbúin orð eða bullorð (e. *nonsense words*). Hún lét teikna myndir af ýmiss konar lífverum á spjöld, sagði börnunum hvað hvert kvikindi hétu og kallaði síðan fram fleirtöluna eins og sýnt er á eftirfarandi mynd af spjaldinu með frægasta kvikindinu:



Mynd 1. Mynd frá Jean Berko (Gleason) sem sýnir hinn fræga wug

Í prófinu hjá Berko voru alls 10 nafnorð sem átti að mynda fleirtölu af. Níu voru bullorð af ýmsum gerðum, eitt var þekkt (*glass*). Fullorðnu þátttakendurnir voru sammála um fleirtölu myndirnar og sú fleirtala sem þeir mynduðu var því talin rétt.<sup>3</sup> Eins og vænta mátti gekk eldri börnunum betur en þeim yngri. Nær öll eldri börnin gátu myndað eðlilega fleirtölu af þekkta orðinu *glass* (ft. *glasses*) og meirihluti þeirra yngri líka. Yngri börnin (4–5 ára) réðu við helming af bullorðunum en þau eldri (5–7 ára) við tvo þriðju. Samanburð á frammistöðu einstakra hópa má annars sjá á mynd 2 (fullorðnir þátttakendur voru milli tvítugs og þrítugs eins og myndin sýnir).

<sup>3</sup> Eitt bullorðið var *heaf* og fullorðnu þátttakendurnir sögðu ýmist *heafs* eða *heaves* (sbr. *leaf – leaves*) Hvort tveggja var því talið rétt.



Mynd 2. Frammistaða enskumælandi þátttakenda í könnun Berko

Hjá börnunum var það [-əz]-fleirtala óþekktara orða sem reyndist erfiðust (bullorð af því tagi voru *gutch*, *kazh*, *niz* og *tass* og fyrir þau orð var niðurstaðan þessi: 4–5 ára 14–28% rétt, 5–7 ára 33–39% rétt). Hún er samt alveg regluleg eða fyrirsegjanleg, enda voru fullorðnu þátttakendurnir sammála um hana eins og mynd 2 sýnir. Ein af mikilvægustu ályktunum sem Berko dró af tilraun sinni var þó ekki endilega þessi stígbundna þróun í máltöku barna heldur sú staðreynd að börn geta ekki einungis myndað fleirtölu af orðum sem þau hafa heyrt áður heldur tileinka þau sér smám saman almennar reglur sem þau geta síðan alhátt, þ.e. beitt á ný orð.

## ÍSLENSKAÐA GERÐIN AF PRÓFI

### BERKO OG FYRSTU TILRAUNIR MEÐ HANA

Vorið 1979 fóru Höskuldur Þráinsson og Sigríður Magnúsdóttir að gera drög að íslensku fleritöluprófi í stíl við prófið sem Berko notaði. Þessar tilraunir tengdust annars vegar kennslu í sálfræðilegum málvísindum við HÍ og hins vegar þörfinni á því að hanna ýmiss konar málpróf og málþroskapróf sem talmeinafræðingar og

fleiri gætu notað. Háskólanemarnir Áslaug Marinósdóttir og Guðrún Sigurðardóttir gerðu fyrstu tilraun með þetta próf, birtu grein um niðurstöðurnar í *Mími* (1980) og Áslaug hélt svo áfram með viðfangsefnið þegar hún vann að BA-ritgerð sinni (1983). Svipuð gerð af prófinu var svo notuð í viðamikilli rannsókn á barnamáli sem Indriði Gíslason hafði umsjón með og sagt er frá í fjölritaðri skýrslu (Indriði Gíslason o.fl., 1986).

Vegna þess að fleirtölumyndun íslenskra nafnorða er mun flóknari en enskra var nauðsynlegt að íslenska gerðin af fleirtöluprófinu væri talsvert frábrugðin þeirri gerð sem Berko notaði. Hér þurfti m.a. að taka tillit til eftirtalinna atriða:

- Fleirtala íslenskra nafnorða fer eftir því hvers kyns þau eru og hvaða beygingarflokki þau tilheyra, m.a. hvort þau beygjast veikt eða sterkt.
- Fleirtala veikra nafnorða er fyrirsegjanleg út frá kyni nafnorðsins, sbr. kk. *koddi* – *kodd-ar* (undantekning eru nokkur þjóðaheiti eins og *Dani* – *Dan-ir*); kvk. *sápa* – *sáp-ur*; hk. *auga* – *aug-u*.
- Fleirtala sterkra hvorugkynsorða er fyrirsegjanleg, sbr. *rúm* – *rúm* (engin ending), *glas* – *glös* (engin ending en hljóðvarp ef /a/ er í stofni).
- Þótt fleirtala sterkra karlkyns- og kvenkynsorða sé oft mjög regluleg er hún ekki algjörlega fyrirsegjanleg út frá eintölunni því hún fer eftir beygingarflokki, sbr. kk. *hundur* – *hund-ar* og *fundur* – *fund-ir*; kvk. *nál* – *nál-ar* og *sól* – *sól-ir* o.s.frv.

Vegna þessa var talið nauðsynlegt að hafa mun fleiri þekkt nafnorð í íslenska fleirtöluprófinu en því enska og hafa þau af ýmsu tagi (öll kyn, ólíkir beygingarflokkar). Síðan þurfti að velja tilbúnu orðin (bullorðin) þannig að þau prófuðu sem mest af því sem er algjör-



lega reglulegt eða fyrirsegjanlegt (þ.e. veik karlkyns-, kvenkyns- og hvorugkynsorð og sterk hvorugkynsorð, sbr. lýsinguna hér framar). Upphaflega gerðin af íslenska prófinu var því býsna flókin. Í þeirri gerð sem Indriði og félagar (1986) notuðu voru t.d. alls 70 nafnorð (35 þekkt og 35 tilbúin). Í þeirri gerð sem var notuð í Vesturheimi voru hins vegar aðeins 37 orð (28 þekkt og 9 tilbúin).<sup>4</sup> Í frásögninni af rannsókn Indriða og félaga verður aðeins miðað við þessi 37 orð. Þau eru sýnd í *töflu 1* (Höskuldur Þráinsson og Sigríður Magnúsdóttir, 2013):

**Tafla 1.** Orðin sem voru notuð í fleirtöluprófi Höskuldar og Sigríðar (2013)

Beyging	þekkt orð (misjafnlega regluleg)	Tilbúin orð (regluleg)
<b>sterk</b>		
kk.	hundur, selur, hnifur, bekkur, kjóll, gaffall, hamar, fótur	teill, þetir
kvk.	sól, nál, þvottavél, sög, mús, bók	
hk.	rúm, ljón, kerti, blað, tjald, glas	lún, kas, darm
<b>veik</b>		
kk.	koddi, fáni, bolti	neli
kvk.	sápa, kona, panna	kíma, kraða, darga
hk.	eyra, auga	

Ef grannt er skoðað má sjá að þekktu orðin eru misjafnlega einföld eða regluleg. Orðin *fótur*, *mús*, *bók* hafa t.d. óreglulega fleirtölu (*fætur*, *mýs*, *bækur*), í orðunum *gaffall* og *hamar* fellur áherslu-laust sérhljóð brott úr stofni í fleirtölunni (*gafflar*, *hamrar*), orðið *kjóll* hefur bara eitt /l/ í fleirtölunni (*kjólar*), þótt það liggi kannski ekki strax í augum uppi miðað við eintöluna, og *u*-hljóðvarpsvíxl koma fyrir í orðunum *sög* – *sagir*, *blað* – blöð, *tjald* – *tjöld*, *glas* – *glös*, *panna* – *þönnur*. Sumar af þessum „flækjum“ eru þó reglu-

<sup>4</sup> Eitt bullorðið var *heaf* og fullorðnu þátttakendurnir sögðu ýmist *heafs* eða *heaves* (sbr. *leaf* – *leaves*) Hvort tveggja var því talið rétt.




legar og þess vegna er líkt eftir þeim í bullorðasafninu. Þannig þætti væntanlega eðlilegt að karlkynsorðið *teill* hefði bara eitt /l/ í fleirtölunni (*teilar*) og u-hljóðvarps væri að vænta í hvorugkynsorðunum *kas* og *darm* (ft. *kös*, *dörm*) og kvenkynsorðunum *kraða* og *darga* (ft. *kröður*, *dörgur*). Loks var karlkynsbullorðið **þetir** haft þarna með til að skoða hvort það fengi fleirtölumyndina **þetar** (sbr. *læknir* – *læknar*) eða kannski **þetirar** (sbr. *læknirar*).

Vegna þess að fleirtölumyndun nafnorða í íslensku ræðst af kyni þeirra var nauðsynlegt að haga fyrirlagningunni þannig að kyn orðsins kæmi fram um leið og viðkomandi mynd væri sýnd. Þetta var gert með því að hafa töluorðið *einn* (kvk. *ein*, hk. *eitt*) alltaf með eins og sýnt er á mynd 3:




Mynd 3. Dæmi úr fleirtöluprófi Höskuldar og Sigríðar.

Á mynd 3 má sjá kvikindið sem fékk nafnið *darga*. Myndina teiknaði Kjartan Arnórsson og á mynd 4 má sjá fleiri einstaklinga úr „persónugalleríi“ hans:



Mynd 4. Nokkrar af myndum Kjartans Arnórssonar í fleirtöluprófinu.

Fleirtölu-könnun Indriða og félaga náði til 188 fjögurra ára barna og 189 sex ára (Indriði o.fl., 1986, bls. 21). Líkt og í könnun Berko gekk eldri börnunum auðvitað betur en þeim yngri en þau náðu þó ekki „fullu húsi“. Á mynd 5 má sjá samanburð á frammistöðu barnanna sem Indriði og félagar prófuðu og árangur 30 fullorðinna einstaklinga (30–40 ára) sem Iris Edda Nowenstein prófaði til samanburðar fyrir okkar rannsókn (hér er miðað við sömu orð):





Mynd 5. Samanburður á árangri barna og fullorðinna á íslenska fleirtölu-prófinu.

Meginniðurstaðan úr þessu prófi er þá sú að um sex ára aldur þekkja íslensk börn fleirtölu algengra íslenskra nafnorða, einkum veikra, en fjögurra ára börn eiga enn nokkuð í land með þetta. Báðum aldurshópum gengur síðan verr með óþekkt nafnorð, einkum þeim yngri, og þau eldri hafa ekki heldur náð fullu valdi á öllum þeim reglum sem gilda um reglulega fleirtölu nafnorða.

Það er forvitnilegt að bera mynd 5 saman við mynd 2 sem sýnir niðurstöður Berko. Þar sem Berko var bara með eitt þekkt orð í sínu prófi er skynsamlegast að skoða bara óþekktu orðin (bullorðin), enda eru það aðeins þau sem veita upplýsingar um tök þátttakenda á reglulegri fleirtölu-myndun. Fleirtala þekktra orða gæti

hafa lærst „utan að“, ef svo má segja, án þess að viðkomandi hefði náð tókum á viðeigandi reglum. Ef óþekktu orðin eru skoðuð sést að þar er í fyrsta lagi sá munur að yngri hópurinn á Íslandi hefur ekki náð sömu tókum á þeim (36% og 41% rétt – mismunandi eftir beygingarflokkum) og yngri hópur Berko (50% rétt). Um sex ára aldur voru íslensku börnin aftur á móti búin að ná eldri bandaríska hópnunum eða vel það á þessu sviði (61% og 74% rétt svör hjá þeim íslensku en 66% hjá þeim bandarísku). Það er í sjálfu sér mjög athyglisvert í ljósi þess að fleiri og flóknari reglur gilda um fleirtölumyndun nafnorða í íslensku en ensku.

Loks er vert að benda á að þótt súlurnar fyrir fullorðnu Íslendingana nái ekki alveg 100% er það í raun villandi. Frádrátturinn stafar fyrst og fremst af tveim „villum“. Annars vegar töldu einhverjir að fleirtalan af *neli* myndi vera *nelir* (sbr. þjóðaheiti eins og *Dani* – *Danir*) en ekki *nelar* eins og búist var við. Hins vegar töldu einhverjir að fleirtalan af *þetir* myndi vera *þetirar* . *læknirar* frekar en sú „kórrétta“ fleirtala *þetar*  flestir gáfu (sbr. *læknar*). Kannski myndu þessir einstaklingar líka nota fleirtöluna *læknirar* en það var ekki kannað sérstaklega.


Með þessar upplýsingar í bakhöndinni getum við nú snúið okkur að vesturíslenskunni.

## TÖK VESTUR-ÍSLENDINGA Á FLEIRTÖLUMYNDUN ÍSLENSKRA NAFNORÐA VIÐ UPPHAF 21. ALDAR

Eins og kunnugt er fluttist fjöldi Íslendinga til Vesturheims á árunum 1870–1914, líklega nálægt 16 þúsund, en það voru um 20% þjóðarinnar á þeim tíma (Sveinbjörn Rafnsson, 1983, bls. ix; Helgi Skúli Kjartansson og Steinþór Heiðarsson, 2003, bls. 83–104). Þótt það tæki að mestu fyrir flutninga Íslendinga til Vesturheims við upphaf fyrri heimsstyrjaldarinnar 1914 héldu afkomendur Vesturfaraanna áfram að tala íslensku og nota hana við margvísleg

tækifæri langt fram eftir 20. öld, skrifuðu bækur á íslensku og gáfu út blöð. Í viðtali við *Morgunblaðið* undir lok síðustu aldar sagði Haraldur Bessason, þá prófessor í íslensku við Manitobaháskóla í Winnipeg, að íslenska væri „lífseigari en nokkurt annað þjóðbrota-mál í Kanada“ (Elín Pálmadóttir, 1984, bls. 64). Ýmsar heimildir styðja þetta, ekki síst viðtöl við Vestur-Íslendinga, tekin 1972–1973 og birt í bókinni *Sögur úr Vesturheimi* (2012). Trúlega stafar þetta meðal annars af því að íslenska „þjóðbrotið“ stundaði ýmiss konar menningarstarfsemi á íslensku vestra um langt skeið, gaf út bækur og blöð á íslensku, rak skóla o.s.frv. (sjá t.d. Harald Bessason, 1971; Gísli Sigurðsson, 2001; Úlfar Bragason, 2018 og rit sem þar er vísað til). Smám saman fékk vesturíslenska þó ýmis einkenni svokallaðra erfðarmála, en svo nefnast þau mál sem innflytjendur og afkomendur þeirra tala í samfélagi þar sem annað tungumál er ríkjandi (sjá t.d. Bennamoun, Montrul og Polinsky, 2013; Polinsky, 2018 (1. kafli)). Aðstæður slíkra mála eru samt mjög mismunandi og reyndar eru meiri upplýsingar um þróun vesturíslensku í árunna rás en flestra annarra erfðarmála í Vesturheimi og fleiri heimildir um hana. Þeirri þróun og einkennum málsins hefur verið lýst í ýmsum greinum og bókum og yfirlit yfir það efni má finna í grein eftir Birnu Arnbjörnsdóttur og Höskuld Þráinsson (2018) og fleiri greinum í bókinni *Sigurtungu* (Birna Arnbjörnsdóttir, Höskuldur Þráinsson og Úlfar Bragason (ritstj.), 2018).

Árin 2013–2014 var íslenska fleirtöluprófið lagt fyrir 15 Vestur-Íslendinga í Kanada og Bandaríkjunum. Á mynd 6 má sjá samanturð á skori Vestur-Íslendinganna við þær niðurstöður sem áður var lýst fyrir íslensk börn og fullorðna (sjá mynd 5 hér frammar):




Mynd 6. Árangur íslenskra barna, fullorðinna og Vestur-Íslendinga á fleirtöluþrófinu.

Eins og mynd 6 sýnir kunnu Vestur-Íslendingarnir mjög oft fleirtölu af þekktum íslenskum nafnorðum, ekkert síður þótt hún væri óregluleg (t.d. *mýs, bækur, fætur*), og stóðu sig þar svipað og yngri börnin á Íslandi, í sumum tilvikum betur. Þeim veittist hins vegar mjög erfitt að mynda fleirtölu af óþekktu orðunum (bullorðunum). Þar stóðu þeir fjögurra ára börnunum nokkuð að baki og áttu mun erfiðara með þennan þátt prófsins en íslensku sex ára börnin.


Nú finnst kannski einhverjum ósanngjarnt að meta frammi-stöðu Vestur-Íslendinganna á þessu prófi með hliðsjón af „heima-íslensku“. Væri ekki réttara að skoða vesturíslenskuna „á eigin forsendum“ á einhvern hátt? Gæti ekki t.d. verið að það giltu sérstakar reglur um fleirtölu myndun nafnorða í vesturíslensku, þ.e. að þarna væri einhvers konar mállýskumunur. Hann gæti þá t.d. verið fólginn í því að Vestur-Íslendingar mynduðu fleirtölu af íslenskum orðum að enskum hætti (bættu -s við eintöluna) eða að þeir hefðu alhæft einhverja tiltekna og algenga íslenska fleirtöluendingu. Ef þannig væri í pottinn búið væri vafasamt að kalla það „villur“ eða „mistök“ ef notaðar væru aðrar fleirtölu myndir en



tíðkast á Íslandi. Við skoðuðum þetta og það er greinilegt að þessu er ekki þannig farið. Vesturíslensku þátttakendurnir réðu margir bara mjög illa við það að mynda fleirtölu af bullorðunum. Þá sögðu þeir kannski eitthvað á þessa leið (sumir á ensku): „Darga? Ég veit ekki hvað það er. Ég hef aldrei séð svona kvikindi.“ Þó var búið að útskýra fyrir þeim og sýna með dæmum í upphafi til hvers væri ætlast. Í sýnidæmunum komu fyrir orðin *maður* og *sútur* og þar var útskýrt að þegar sagt væri *Hér er einn maður* og svo *Hér eru tveir* \_\_\_ ættu þeir auðvitað að segja *menn*. Þegar sagt væri síðan *Hér er einn sútur* og svo *Hér eru tveir*  þá væri ætlast til þess að þeir segðu það sem þeim fundist hljoma best, til dæmis *sútar* eða *sútir* eða eitthvað á þá leið, þótt þeir hefðu áreiðanlega aldrei heyrt orðið *sútur* áður né séð mynd af slíku dýri. Þess vegna átti að liggja ljóst fyrir til hvers var ætlast, enda olli framsetning prófsins engum erfiðleikum þegar um þekkt orð var að ræða. Það kom sem sé hvergi fram tilhneiging til þess hjá Vestur-Íslendingunum að bæta ensku fleirtöluendingunni -s né neinni annari tiltekinni endingu aftan á þau íslensku orð sem voru á dagskrá, hvorki þekkt né óþekkt. Þá má nefna að niðurstöður Vestur-Íslendinganna sýna sama mynstur og kemur fram hjá íslenskum börnum: Best gengur að mynda fleirtölu af þekktum orðum með veika beygingu, svo þekktum orðum með sterka beygingu, síðan óþekktum orðum með veika beygingu og loks óþekktum orðum með sterka beygingu. Þetta samsvarar erfiðleikastigveldi prófsins og varpar áhuga-verðu ljósi á vesturíslensku gögnin. „Villurnar“ eru ekki algjörlega tilviljanakenndar heldur að nokkru leyti hliðstæðar þeim villum sem börn á Íslandi gera.

Nú er rétt að nefna að vesturíslensku þátttakendurnir í fleirtölu-prófinu voru flestir vel fullorðnir. Aldursbilið var reyndar 30–88 ár en meðalaldurinn var 72 ár og þeir elstu voru á níráðisaldri (fjórir eldri en 80 ára). Vegna þess að ákveðnir þættir í málkunnáttunni

og málfærninni geta látið undan síga með hækkandi aldri eins og minnst hefur verið á (sjá einnig Sigríði Magnúsdóttur, Irisi Eddu Nowenstein og Höskuld Þránínsson, 2018) var ákveðið að prófa líka hóp Heima-Íslendinga á svipuðum aldri til samanburðar. Iris Edda Nowenstein og Sigríður Magnúsdóttir lögðu fleirtöluprófið því fyrir 50 Heima-Íslendinga á aldrinum 60–90 ára (meðalaldur 77 ár). Á mynd 7 er árangur þeirra borinn saman við árangur hinna hópanna:



Mynd 7. Samanburður á fleirtöluskori allra hópanna fimm.

Ekki reyndist marktækur munur á frammistöðu yngri og eldri Heima-Íslendinga – þeir gerðu nánast allir allt „rétt“. Af því má draga þá ályktun að skor Vestur-Íslendinganna gefi raunverulegar vísbendingar um eðli málkunnáttunnar hjá þeim sem erfðarmálsnotendum og ætti ekki að tengjast aldri þeirra í sjálfu sér. Eins og áður var vikið að komu ekki heldur fram nein reglubundin sérkenni í fleirtölumyndun þeirra sem gætu bent til þess að þeir hefðu alist upp við annars konar fleirtölu nafnorða (annars konar afbrigði af íslensku) en þátttakendurnir á Íslandi.



Eins og önnur meðaltöl geta sýlurnar á myndunum breitt yfir ýmsa áhugaverða þætti í frammistöðu þátttakendanna. Þess vegna höfum við tekið saman nánara yfirlit með tilliti til einstakra orða og orðgerða. Í *töflu 2* er yfirlit yfir bullorðin (hlutfall (prósentur) réttra svara) og feitt letur sýnir það skor sem líkist mest skori Vestur-Íslendinganna:

**Tafla 2.** Skor hópanna (prósent réttra svara) fyrir tilbúin orð af ýmsum gerðum

Tilbúin orð	4 ára	6 ára	Vestur-Ísl. (30–88; 72)	Yngri Ísl. (30–40 ára)	Eldri Ísl. (60–90 ára)
<b>Með breytileika í stofni</b>					
(eitt) <i>kas</i> – <i>kös</i>	<b>11</b>	67	<b>0</b>	100	98
(eitt) <i>darm</i> – <i>dörm</i>	<b>26</b>	65	<b>7</b>	100	96
(ein) <i>darga</i> – <i>dörgur</i>	<b>27</b>	67	<b>13</b>	100	100
(ein) <i>kraða</i> – <i>kröður</i>	<b>32</b>	71	<b>20</b>	100	100
(einn) <i>teill</i> – <i>teilar</i>	<b>15</b>	36	<b>20</b>	100	100
(einn) <i>þetir</i> – <i>þetar</i>	27	<b>41</b>	<b>47</b>	86	84
<b>Án breytileika í stofni</b>					
(ein) <i>kíma</i> – <i>kímur</i>	<b>46</b>	81	<b>60</b>	100	100
(einn) <i>neli</i> – <i>nelar</i>	<b>59</b>	76	<b>60</b>	93	94

Eins og *tafla 2* sýnir er næstum alltaf mest samsvörun milli skors Vestur-Íslendinganna og yngri barnanna á Íslandi. Eldri börnin eru nánast alltaf með hærra skor en Vestur-Íslendingarnir. Í *töflu 3* er svo sýnt hvernig útkoman er fyrir þekkt orð með breytileika í stofni, en sum þeirra öllu börnunum nokkrum erfiðleikum, einkum þeim yngri:

**Tafla 3.** Skor hópanna (prósent rétt) fyrir þekkt orð af ýmsum gerðum með breytileika í stofni

Þekkt orð með breytileika í stofni	4 ára	6 ára	Vestur-Ísl.	Yngri Ísl.	Eldri Ísl.
(ein) <i>mús</i> – <i>mýs</i>	4	<b>57</b>	<b>67</b>	100	100
(einn) <i>fótur</i> – <i>fætur</i>	8	<b>32</b>	<b>67</b>	100	100
(ein) <i>bók</i> – <i>bækur</i>	38	<b>94</b>	<b>93</b>	100	100
(ein) <i>sög</i> – <i>sagir</i>	2	<b>32</b>	<b>20</b>	100	100
(einn) <i>hamar</i> – <i>hamrar</i>	<b>24</b>	74	<b>40</b>	100	100
(einn) <i>gaffall</i> – <i>gafflar</i>	21	<b>80</b>	<b>60</b>	100	100
(eitt) <i>blað</i> – <i>blöð</i>	<b>65</b>	97	<b>80</b>	100	100
(eitt) <i>tjald</i> – <i>tjöld</i>	<b>57</b>	94	<b>47</b>	100	100
(eitt) <i>glas</i> – <i>glös</i>	<b>64</b>	99	<b>80</b>	100	100
(ein) <i>panna</i> – <i>pönnur</i>	<b>73</b>	97	<b>73</b>	100	100

Eins og tafla 3 sýnir líkist frammistaða Vestur-Íslendinganna stundum meira skori eldri barnanna en þeirra yngri og stundum er skor Vestur-Íslendinganna hærra en eldri barnanna, t.d. í hinum óreglulegu en tiltölulega algengu orðum *mús* og *fótur*. Þetta er ólíkt því sem kom fram þegar bullorðin áttu í hlut. Það er helst þegar *u*-hljóðvarp kemur til sögunnar í fleirtölunni sem Vestur-Íslendingarnir fara að líkjast meira yngri börnunum. Eins og sjá má af töflu 2 var *u*-hljóðvarpið yfirleitt ekki vel virkt hjá Vestur-Íslendingunum í bullorðunum (*kas*, *darm*, *darga*, *kraða*). Báðir hópar fullorðnu Heima-Íslendinganna eru með fullt skor í öllum tilvikum.

Augljósasta ályktunin sem má draga af frammistöðu Vestur-Íslendinganna á fleirtöluprófinu er sú að þótt þeir kunni fleirtölu-myndir ýmissa algengra íslenskra orða hafa þeir ekki vald á þeim almennu reglum sem gilda um myndun fleirtölu nafnorða í íslensku. Fræðilega spurningin er þá sú hvernig á þessu geti staðið. Þegar

málkunnátta erfðarmálshafa er „ófullkomin“ miðað við kunnáttu þeirra sem tala samsvarandi mál sem móðurmál (eða a.m.k. frábrugðin henni) er oft litið svo á að það geti átt sér tvenns konar orsakir (þessir tveir kostir þurfa þó ekki að útiloka hvor annan):

- Frávikin stafa af **ófullkominni máltöku** (e. *incomplete acquisition*): Málhafarnir hafa ekki náð fullum tókum á viðkomandi málfræðiatríði á máltökuskeiði vegna þess hvernig málaðstæðurnar voru.
- Frávikin stafa af **málhrörmun** (e. *language attrition*): Málhafarnir hafa ekki lengur sömu tók á viðkomandi málfræðiatríði og þeir höfðu í upphafi vegna takmarkaðrar notkunar á málinu á fullorðinsárum og/eða áhrifa frá meirihlutamálinu.

Hér er þó nauðsynlegt að benda á að ýmsir erfðarmálsfræðingar hafa í seinni tíð gert athugasemdir við hugtakið ófullkomin máltaka. Þeir benda þá á að málkunnátta erfðarmálshafa þurfi ekki endilega að vera „ófullkomin“ þótt hún sé frábrugðin málkunnáttu þeirra sem hafa viðkomandi mál að móðurmáli (sjá t.d. Polinsky, 2018, bls. 25). Þetta atriði verður rætt í lokakafla greinarinnar. Skoðum fyrst hvort eitthvað í bakgrunni og sögu vesturíslensku þátttakendanna bendir frekar til ófullkominnar máltöku en málhrörmunar – eða öfugt.

## TENGLI VIÐ BAKGRUNNSBREYTUR VESTUR-ÍSLENDINGANNA

Fleirtöluprófið sem var lagt fyrir Vestur-Íslendingana var þáttur í nokkuð viðamikilli söfnun efnis um vesturíslensku sem fór fram 2013–2014 (sjá nmgr. 1). Í þeirri rannsókn þurftu þátttakendur að svara ýmsum spurningum varðandi uppvöxt og æviferil og gefa upplýst samþykki fyrir þátttöku í rannsókninni. Næstu töflur eru byggðar á þessum upplýsingum.



Ef það kemur í ljós að tók Vestur-Íslendinganna á fleirtölu-myndun eru mismikil má velta því fyrir sér hvers konar bakgrunns-breytur gætu hafa haft áhrif á það:

- Ef frávikin (þ.e. lítið vald á fleirtölu-myndun) stafa af ófull-kominni máltöku er líklegt að ólíkar aðstæður á máltöku-skeiði geti haft áhrif, svo sem mismunandi ílag (e. *input*).
- Ef frávikin stafa af málhrörmun er líklegt að mismikil notkun málsins á fullorðinsárum geti haft áhrif.

Skoðum nú bakgrunn vesturíslensku þátttakendanna með þetta í huga og leitum að atriðum þar sem finna má einhvern breyti-leika hjá þeim. Í þessu tiltekna prófi voru þeir alls 15, eins og fram kemur í eftirfarandi töflum. *Töflur 4 og 5* sýna hlut íslensku og ensku í málumhverfi þeirra á uppvaxtarskeiði:

**Tafla 4.** Hlutur íslensku og ensku í uppvexti vesturíslensku þátttakendanna

mælikvarði	Hvenær fórstu að heyra málið í kringum þig?		Hvenær fórstu að tala málið?	
	íslenska	enska	íslenska	enska
við upphaf máltöku	13	7	12	8
á skólaaldri	2	8	2	6
sem unglingur				
sem fullorðinn			1	
samtals:	15	15	15	14

**Tafla 5.** Notkun íslensku og ensku heima í uppvexti

Notkun málsins heima í uppvexti	íslenska	enska
daglega	12	9
stundum	3	6
sjaldan		
aldrei		
samtals:	15	15

Eins og *tafla 4* sýnir var talsvert misjafnt hvort þátttakendur fóru að heyra og tala ensku strax við upphaf máltöku eða ekki fyrr en á skólaaldri. Í *töflu 5* má líka sjá að notkun ensku á heimilinu var nokkuð mismunandi. Hins vegar sýnir *tafla 4* að flestir (13 af 15) fóru að heyra íslensku í kringum sig strax við upphaf máltöku og í *töflu 5* sést að íslenska var yfirleitt notuð daglega heima í uppvexti þátttakenda (hjá 12 af 15) en enska í mörgum tilvikum líka (hjá 9 af 15). Það er því ekki mikill breytileiki í fyrirferð eða notkun íslenskunnar í uppvexti þeirra en meiri í fyrirferð enskunnar. Síðan var breytilegt hvort þátttakendur gátu lesið íslensku áður en þeir fóru í skóla eins og sjá má af *töflu 6*:

**Tafla 6.** Lestrarkunnátta á íslensku í uppvexti

Formleg notkun íslensku í uppvexti	já	nei
Gastu lesið íslensku áður en þú fórst í skóla?	8	7

Eins og *tafla 6* sýnir var það ekki nema rétt um helmingur þátttakenda sem lærði að lesa á íslensku áður en skólaganga hófst (á ensku).

Skoðum þá næst atriði sem varða notkun íslensku á fullorðinsárum. Allir þátttakendur sögðust nota eða hafa notað íslensku utan heimilis en *tafla 7* sýnir að sú notkun var orðin nokkuð mismunandi þegar könnunin var gerð:

**Tafla 7.** Notkun íslensku og ensku þegar könnunin var gerð

Hversu oft notaðirðu málið á sl. ári?	íslenska	enska
daglega	2	14
nokkrum sinnum í viku	2	
nokkrum sinnum í mánuði	8	
nokkrum sinnum á árinu	3	
ekkert eða nánast ekkert		
Samtals:	15	14

Hér kemur auðvitað ekki á óvart að allir þátttakendur sem svöruðu sögðust nota ensku daglega. Hins vegar er breytileikinn talsverður þegar litið er á íslenskunotkunina. Þeir eru flestir sem segjast nota hana „nokkrum sinnum í mánuði“ en aðeins tveir „daglega“.

Annar mælikvarði á íslenskunotkun er síðan sá hvort menn lesa bækur eða blöð á íslensku eða fylgjast með íslenskum fréttum í útvarpi eða sjónvarpi. Svör við spurningum um þau atriði eru sýnd í töflu 8:

**Tafla 8.** Frekari upplýsingar um íslenskunotkun Vestur-Íslendinganna

Notkunarsvið	daglega	stöku sinnum	sjaldan	aldrei	Samtals
les bækur eða blöð á íslensku	3	6	3	3	15
hlustar á íslenskar fréttir í útvarpi eða sjónvarpi		3	3	9	15

Hér er talsverður breytileiki á ferðinni. Sama er að segja um svör við spurningu um Íslandsferðir eins og tafla 9 sýnir:

**Tafla 9.** Íslandsferðir vesturíslensku þátttakendanna

	≥ þrisvar	tvisvar	einu sinni	aldrei	Samtals
Hversu oft farið til Íslands	7	1	5	2	15

Nú má skoða hvort frammistaða Vestur-Íslendinganna á fleirtöluprófinu sýni einhverja fylgni við þær bakgrunnsbreytur sem hér hafa verið taldar. Vegna þess hve þátttakendur eru fáir (aðeins 15) er þess tæplega að vænta að fylgnin sé tölfræðilega marktæk nema hún sé mjög sterk. Í *töflu 10* má sjá gildi fyrir fylgnistuðulinn  $R$  (raðfylgnistuðul Spearman, *Spearman's rho*) og marktækni táknaða með  $p$  (miðað er við alfamörkin 0,05) þegar fleirtöluskor þátttakendanna er borið saman við þær „bernskubreytur“ sem ræddar voru hér frammar og sýndu mestan breytileika. Áhugaverðustu gildin eru feitletuð (hvort gildin fyrir fylgnistuðulinn eru jákvæð eða neikvæð fer eftir því hvernig breyturnar voru kóðaðar):

**Tafla 10.** Fylgni fleirtöluskors við nokkrar breytur í uppvexti Vestur-Íslendinganna

	Hvenær fór að heyra ensku?		Hvenær fór að tala ensku?		Notkun ensku á heimili		Gat lesið á ísl. fyrir skóla	
	R	p	R	P	R	p	R	p
fleirtöluskor	<b>-,563</b>	<b>,029</b>	-,291	,313	-,193	,490	,449	,093

Hér mælist aðeins marktæk (meðalsterk) fylgni við það hvenær þátttakendur fóru að heyra ensku í kringum sig á heimilinu: Því fyrir sem enskan varð áberandi, því líklegra að frammistaðan á fleirtöluprófinu væri ekki góð. Næstmest fylgni er við það hvort þátttakendur höfðu lært að lesa á íslensku áður en þeir fóru í (ensku-mælandi) skóla, en sú fylgni nær því ekki að vera tölfræðilega marktæk ( $p$ -gildið er 0,093).

Lítum þá næst á fylgni við breytur sem varða notkun íslenskuunnar á fullorðinsárum. Yfirlit yfir þær helstu er sýnt í *töflu 11*:

**Tafla 11.** Fylgni fleirtöluskors við nokkrar breytur sem varða síðari tíma íslenskunotkun

	hlustar á ísl. fréttir		les ísl. bækur eða blöð		notkun ísl. á síðasta ári		hefur farið til Íslands	
	R	p	R	P	R	p	R	p
fleirtöluskor	,433	,107	,292	,291	-,066	,815	,140	,619

Hér er helst fylgni við það hvort viðkomandi hlustar á íslenskar fréttir í útvarpi eða sjónvarpi en hún er þó ekki tölfræðilega marktæk ( $p = 0,107$ ). Í öðrum tilvikum er fylgnin mun minni og enn fjær því að vera tölfræðilega marktæk. Það kemur hins vegar nokkuð á óvart að notkunartíðni íslenskunnar „á síðasta ári“ virðist ekki skipta neinu máli í þessu sambandi og ekki heldur fjöldi heimsóknna til Íslands, en auðvitað þyrfti fleiri þátttakendur til að hægt væri að fullyrða mikið um þetta.

### UMRÆÐUR OG LOKAORÐ

Helstu niðurstöður þessarar greinar má draga saman á eftirfarandi hátt:

- Fyrri rannsóknir benda til þess að íslensk börn nái ekki góðum tókum á fleirtölu og fleirtölureglum fyrr en um það leyti sem þau fara í skóla.
- Þótt vesturíslensku þátttakendurnir kynnu fleirtölu þekktra nafnorda allvel, í sumum tilvikum betur en íslensku sex ára börnin, höfðu þeir svipuð tók á þeim almennu reglum sem gilda um fleirtölumyndun og íslensk fjögurra ára börn.
- Samanburður á fleirtöluskori Vestur-Íslendinganna (meðalaldur 72 ár) við fleirtöluskor aldraðra Heima-Íslendinga (meðalaldur 77 ár) bendir ekki til þess að tiltölulega hár aldur vesturíslensku þátttakendanna hafi haft marktæk áhrif á frammistöðu þeirra.
- Fleirtöluskor Vestur-Íslendinganna sýnir frekar fylgni við ákveðinn breytileika í uppveftri (fyrirferð ensku á heimil-



inu í uppvexti, lestrarkunnátta á íslensku í bernsku ...) en við mismikla notkun málsins á fullorðinsárum. Þetta gæti fremur bent til áhrifa frá „ófullkominni máltöku“ en málhrönnunar.

Síðasta atriðið fær líka óbeinan stuðning af rannsókn Sigríðar Mjallar Björnsdóttur (2014, 2018) á bréfum vesturíslensku konunnar Jónu. Frá Jónu (dulnefni) eru varðveitt 152 bréf (80.000+ orð) sem hún skrifaði hálf systur sinni á Íslandi á rúmlega 70 ára tímabili. Þessi bréf sýna ákveðin merki um málhrönnun, en hún virðist ekki koma fram í fleirtölu af þekktum orðum (t.d. *hundur, bekkur, kjóll, -vél, bók, blað, kodd, fáni, kona, auga* ...).

En geta þessar niðurstöður þá sagt okkur eitthvað um eðli þess fyrirbæris sem gengið hefur undir nafninu ófullkomin máltaka? Eins og áður var vikið að er þetta hugtak ekki (lengur) óumdeilt meðal erfðarmálsfræðinga. Það þykir niðrandi í eðli sínu og jafnvel á misskilningi byggt. Polinsky (2018, bls. 25) orðar þetta svo:

The main arguments against the term *incomplete acquisition* are as follows. First and foremost, heritage speakers have a grammar, and that grammar is internally consistent. It may differ from the baseline grammar, but a heritage language is a system, not a curio shop of relics retained from scattered childhood memories. Calling the heritage grammar *incompletely acquired* undermines the conception that this grammar is organized with systematic principles. Furthermore, it is important to separate the incompleteness of L2 acquisition [...] from the gaps of linguistic knowledge of heritage speakers when compared with the baseline.

Hér leggur Polinsky áherslu á það að erfðarmál lúti sínum eigin reglum og málkerfi þeirra sé reglulegt (e. *internally consistent*).

Að þessu leyti séu þau frávík sem finna megi í málkerfi erfðarmála frábrugðin þeim ófullkomleika sem annað mál (L2) hafi oft í samanburði við markmálið. Þrátt fyrir þetta gerir Polinsky ráð fyrir mismun (e. *gaps*) í málkunnáttu erfðarmálhafa miðað við grunnlínu (e. *baseline*) eins og það er orðað.

Nú er það áreiðanlega rétt að erfðarmál eru ekki bara einhvers konar ókerfisbundinn hrærigrautur. Þau eru tungumál sem hægt er að lýsa með málfræðireglum. Rannsóknir á vesturíslensku á síðustu árum hafa þó sýnt að færni Vestur-Íslendinga í því máli er verulega mismunandi. Sumir hafa lítil tók á því, aðrir tala mál sem er næstum eins og sú íslenska sem er töluð á Íslandi. Þar af leiðir að ekki er hægt að búa til eina einfalda, heildstæða lýsingu á því sem við köllum vesturíslensku.

En víkjum þá aftur að fleirtölumynduninni. Eru niðurstöður okkar um tók Vestur-Íslendinga á fleirtölumyndun nafnorða vitnisburður um reglulegt málkerfi sem lýtur eigin lögmálum eða eru þær frekar vitnisburður um að sumir Vestur-Íslendingar hafi aldrei náð að tileinka sér þær almennu reglur sem gilda um fleirtölumyndun nafnorða? Við sjáum ekki betur en að gögnin bendi til hins síðarnefnda. Ef þessir einstaklingar eru á svipuðum stað í máltökunni að þessu leyti og fjögurra ára börn, verður þá nokkuð hjá því komist að segja að hún sé „ófullkomin“ (e. *incomplete*), jafnvel þótt slíkt orðalag geti verið villandi í öðrum tilvikum? Þó má bæta því við að kerfi sem er ófullkomið, eða takmarkað, þarf ekki endilega að vera óreglulegt og handahófskennt. Vestur-Íslendingar eiga það sameiginlegt með börnum sem tileinka sér íslensku á Íslandi að greinileg og reglubundin mynstur koma fram í færni þeirra, þ.e. það eru sömu fleirtölugerðir sem reynast báðum hópum auðveldastar og erfiðastar (sjá t.d. *mynd 6* og *töflu 2*). Með brautryðjendastarfi sálmálfræðingsins Jean Berko varð ljóst að börn læra ekki beygingar með því einu að leggja orðmyndir úr málumhverfinu á minnið. Þau

tileinka sér reglur í málinu á kerfisbundinn hátt. Þennan regluleika virðist vera hægt að alhæfa á erfðarmál, þrátt fyrir þann gríðarlega breytileika sem einkennir erfðarmálhafana sjálfa.

## HEIMILDIR

- Ambridge, Ben. (2020). Against stored abstractions: A radical exemplar model of language acquisition. *First Language*, 40(5–6). <https://doi.org/10.1177/0142723719869731>
- Áslaug J. Marinósdóttir. (1983). *Tölumyndir nafnorða í nefnifalli hjá íslenskum börnum*. BA-ritgerð, Háskóla Íslands.
- Áslaug J. Marinósdóttir og Guðrún Sigurðardóttir. (1980). Athugun á fleirtölu í barnamáli. *Mímir*, 28, 29–45.
- Bennamoun, Elabbas, Silvina Montrul og Maria Polinsky. (2013). Heritage languages and their speakers. Opportunities and challenges for linguistics. *Theoretical Linguistics* 39(3–4), 129–181.
- Berko, Jean. (1958). The child's learning of English morphology. *Word*, 14(2–3), 150–177.
- Bima Arnbjörnsdóttir. (2006). *North American Icelandic. The life of a language*. Winnipeg: University of Manitoba Press.
- Bima Arnbjörnsdóttir og Höskuldur Þráinsson. (2018). Hvað einkennir vesturíslensku? Yfirlit um fyrri rit og rannsóknir. Í Birna Arnbjörnsdóttir, Höskuldur Þráinsson og Úlfar Bragason (ritstjórar), *Sigurtunga. Vesturíslenskt mál og menning* (bls. 211–255). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Bima Arnbjörnsdóttir, Höskuldur Þráinsson og Úlfar Bragason (ritstjórar). (2018). *Sigurtunga. Vesturíslenskt mál og menning*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Burke, Deborah M. og Meredith A. Shafto. (2004). Aging and language production. *Current Directions in Psychological Science*, 13(1), 21–24.
- Burke, Deborah M. og Meredith A. Shafto. (2011). Language and aging. Í Fergus I. M. Craik og Timothy A. Salthouse (ritstjórar), *The handbook of aging and cognition* (bls. 381–451). New York: Psychology Press.
- Elín Pálmadóttir. (1984). „Íslenzkan lífseigari en nokkurt annað þjóðbrotamál í Kanada.“ Viðtal við Harald Bessason. *Morgunblaðið*, 12. febrúar, bls. 64–65.
- Gísli Sigurðsson. (2001). Um vesturíslensku. *Alfræði íslenskrar tungu*. Íslenskt margmiðlunarefni fyrir heimili og skóla. Reykjavík: Námsgagnastofnun. [Einnig aðgengileg á slóðinni <http://ait.arnastofnun.is/grein.php?id=705>]
- Haraldur Bessason. (1971). Ísländskan i Nordamerika. *Sprog i Norden* 1971, 57–77.
- Haraldur Bessason. (1984). Hún fór út með þojfrendinu sínu. *Lesbók Morgunblaðsins*, 23. júní, bls. 11–13.

- Helgi Skúli Kjartansson og Steinþór Heiðarsson. (2003). *Framtíð handan hafs. Vesturfarir frá Íslandi 1870–1914*. Studia historica 17. Reykjavík: Háskólaútgáfan og Sagnfræðistofnun.
- Höskuldur Þráinsson. (2013). Málfræðibylting Chomskys. Í Höskuldur Þráinsson og Matthew Whelpton (ritstjórar), *Málfræðibylting Chomskys. Chomsky. Mál, sál og samfélag* (bls. 47–69). Reykjavík: Hugvísindastofnun og Háskólaútgáfan.
- Höskuldur Þráinsson og Sigríður Magnúsdóttir. (2013). *Fleirtölupróf*. Endurskoðuð útgáfa. Reykjavík: Háskóli Íslands.
- Indriði Gíslason, Sigurður Konráðsson og Benedikt Jóhannesson. (1986). *Framburður og myndun fleirtölu hjá 200 íslenskum börnum við fjöggra og sex ára aldur*. Reykjavík: Kennaraháskóli Íslands.
- Jörgen L. Pind. (2013). Chomsky og hugfræðibyltingin. Í Höskuldur Þráinsson og Matthew Whelpton (ritstjórar), *Chomsky. Mál, sál og samfélag* (bls. 71–85). Reykjavík: Hugvísindastofnun og Háskólaútgáfan.
- Polinsky, Maria. (2018). *Heritage languages and their speakers*. Cambridge: Cambridge University Press.
- Sigríður Magnúsdóttir, Iris Edda Nowenstein og Höskuldur Þráinsson. (2018). Að skilja skýtnar setningar. Í Birna Arnbjörnsdóttir, Höskuldur Þráinsson og Úlfar Bragason (ritstjórar), *Sigurtunga. Vesturíslenskt mál og menning* (bls. 303–322). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Sigríður Mjöll Björnsdóttir. (2014). „Hún er svo montin af að vera íslenskt.“ *Fallmörkun og samræmi í vesturíslensku erfðarmáli*. MA-ritgerð, Háskóla Íslands.
- Sigríður Mjöll Björnsdóttir. (2018). „Hún er svo montin af að vera íslenskt.“ Málbreytingar í sendibréfum Vestur-Íslendinga. Í Birna Arnbjörnsdóttir, Höskuldur Þráinsson og Úlfar Bragason (ritstjórar), *Sigurtunga. Vesturíslenskt mál og menning* (bls. 341–359). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Sveinbjörn Rafnsson. (1983). Formáli að *Vesturfaraskrá 1870–1914* eftir Júníus H. Kristinsson (bls. vii–xxi). Reykjavík: Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands.
- Sögur úr *Vesturheimi*. (2012). Úr söfnunarleiðangri Hallfreðar Arnar Eiríkssonar og Olgu Maríu Franzdóttur um Kanada og Bandaríkin veturinn 1972–1973. Gísli Sigurðsson sá um útgáfuna. Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.
- Úlfar Bragason. (2018). Menning og saga. Yfirlit um fyrri rit og rannsóknir. Í Birna Arnbjörnsdóttir, Höskuldur Þráinsson og Úlfar Bragason (ritstjórar), *Sigurtunga. Vesturíslenskt mál og menning* (bls. 21–34). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Yang, Charles. (2018). A formalist perspective on language acquisition. *Linguistic Approaches to Bilingualism*, 8(6), 665–706.